

Fundargerð

268. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins haldinn á skrifstofu slökkviliðsstjóra, Skógarhlíð 14, föstudaginn 24. janúar 2025, kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Einar Þorsteinsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Valdimar Víðisson, Almar Guðmundsson, Regína Ásvaldsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Jón Viðar Matthíasson og Ingveldur Lára Þórðardóttir.

Fundargerð ritaði: Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri.

1. Breyting á stjórn SHS í janúar 2025 - 2501005

Við bæjarstjórnarskipti í Hafnarfirði verður breyting á stjórn og varastjórn SHS.

Aðalmenn í stjórn:

*Einar Þorsteinsson, Reykjavík, formaður
Ásdís Kristjánsdóttir, Kópavogsbæ, varaformaður
Valdimar Víðisson, Hafnarfjarðarbæ
Almar Guðmundsson, Garðabæ
Regína Ásvaldsdóttir, Mosfellsbæ
Þór Sigurgeirsson, Seltjarnarnesbæ*

Varamenn í stjórn:

*Heiða Björg Hilmisdóttir, Reykjavík
Orri Vignir Hlökkversson, Kópavogsbæ
Rósa Guðbjartsdóttir, Hafnarfjarðarbæ
Björg Fenger, Garðabæ
Halla Karen Kristjánsdóttir, Mosfellsbæ
Ragnildur Jónsdóttir, Seltjarnarnesbæ*

Niðurstaða

Kynning. Nýr stjórnarmaður boðinn velkominn til starfa.

Fylgiskjöl

SHS 268 1.1 Tilkynning Hafnarfjarðarbæjar um breytingu í stjórn SHS.pdf

2. Starfsáætlun stjórnar 2025 - 2501013

Formaður leggur fram starfsáætlun um fundardaga og helstu viðfangsefni stjórnarfunda ársins.

Niðurstaða

Starfsáætlun lögð fram.

Fylgiskjöl

SHS 268 2.1 Starfsáætlun stjórnar 2025.pdf

3. Mat á endurskoðun starfs- og_eða siðareglna stjórnar - 2501016

Á fyrsta stjórnarfundum hvers árs er metið hvort þörf sé talin á því að endurskoða starfs- og/eða siðareglur stjórnar. Siðareglur stjórnar voru síðast samþykktar í október 2022 og starfsreglur í október 2024.

Niðurstaða

Stjórn telur ekki þörf á endurskoðun starfs- eða siðareglna stjórnar að þessu sinni.

4. Mat á störfum stjórnar og slökkviliðsstjóra - 2501014

Á fyrsta stjórnarfundum hvers árs er farið yfir hvort þörf sé á að fá innri endurskoðun eða annan utanaðkomandi aðila til þess að leggja mat á störf stjórnar eða slökkviliðsstjóra, sbr. kafla 10 í starfsreglum stjórnar.

Niðurstaða

Stjórn telur ekki ástæðu til þess að láta framkvæma mat á störfum stjórnar eða slökkviliðsstjóra, en það var gert í fyrra.

5. Mat á framsetningu gagna til stjórnar - 2501015

Á fyrsta stjórnarfundum hvers árs er farið yfir hvort innri endurskoðun eða annar utanaðkomandi aðili verði fenginn til þess að fara yfir framsetningu skriflegra upplýsinga sem slökkviliðsstjóri veitir stjórn um rekstur SHS og fjárhagsstöðu eða hvort stjórn leggi mat á það sjálf hvort gögnin séu fullnægjandi til þess að stjórnin geti rækt sínar skyldur, sbr. gr. 4.4 í starfsreglum stjórnar.

Niðurstaða

Stjórn telur framsetningu gagna slökkviliðsstjóra sl. ár hafa verið fullnægjandi til þess að henni hafi verið gert kleift að rækja skyldur sínar. Ekki er talin þörf á að fá utanaðkomandi aðila til þess að leggja mat á gögnin að þessu sinni.

6. Árleg eftirlitsáætlun SHS 2025 - 2501018

Eftirlitsáætlun slökkviliðsstjóra vegna eldvarnaskoðana forvarnasviðs fyrir árið kynnt.

Niðurstaða

Kynning. Áætlunin verður send Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og birt á heimasíðu SHS.

Gestir

Aldís Rún Lárusdóttir, sviðsstjóri forvarnasviðs -

Fylgiskjöl

SHS 268 6.1 Eftirlitsáætlun SHS 2025.pdf

SHS 268 6.2 Fylgiskjal með eftirlitsáætlun SHS 2025.pdf

7. Nýr stofnsamningur fyrir SHS - 2305019

Nýr stofnsamningur SHS hefur verið staðfestur af innviðaráðuneytinu og

aðildarsveitarfélögunum. Lagður fram til undirritunar.

Niðurstaða

Samningurinn undirritaður og tekur hér með gildi. Innviðaráðuneytið mun birta samninginn í Stjórnartíðindum.

Fylgiskjöl

SHS 268 7.1 Stofnsamningur SHS m. fskj. undirritaður.pdf

8. 25 ára afmæli SHS 2025 - 2501017

Byggðasamlagið SHS hóf starfsemi sína þann 1. júní 2000, við sameiningu slökkviliðanna í Reykjavík og Hafnarfirði, og fagnar því 25 ára afmæli á árinu.

Niðurstaða

Stjórn telur mikilvægt að tímamótin verði haldin hátíðleg og nýtt vel til kynningar á starfseminni. Slökkviliðsstjóra falið að leggja til nánari útfærslur og hugmyndir.

9. Aðalfundur SHS 2025 - 2501012

Lagt er til að aðalfundur SHS 2025 verði haldinn í kringum 25 ára afmælisdag SHS.

Niðurstaða

Samþykkt. Nánari dagsetning ákveðin þegar nær dregur.

10. Björgunarmiðstöðin Skógarhlíð - 2501025

Dómsmálaráðuneytið hefur falið Framkvæmdasýslunni - Ríkiseignum að skoða möguleikann á því að Björgunarmiðstöðin Skógarhlíð geti rúmað viðbragðsaðila til næstu 8-10 ára, eða þar til ný björgunarmiðstöð lítur dagsins ljós.

Niðurstaða

Slökkviliðsstjóra falið að halda áfram viðræðum við Framkvæmdasýsluna - Ríkiseignir.

11. Önnur mál 2025 - 2501009

Engin önnur mál liggja fyrir.

Fundi slitið kl. 09:30.

Einar Þorsteinsson

Ásdís Kristjánsdóttir

Valdimar Víðisson

Almar Guðmundsson

Regína Ásvaldsdóttir

Þór Sigurgeirsson

